

Nd.

452. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 20. júní 1923, um skemtanaskatt og þjóðleikhús.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 40, 20. júní 1923, orðist svo:

Í öllum kaupstöðum landsins, og sömuleiðis í hverju því kaupúni, sem hefir 500 íbúa eða fleiri, skal leggja skatt á skemtanir, sem aðganga er seld að.

2. gr.

a-liður 2. flokks 2. gr. laganna orðist svo:

a. Dansleikar allir, hvort sem einstök fjelög eða dansskólar stofna til þeirra eða þeir eru haldnir fyrir allan almenning, ennfremur dansæfingar, er standa fram yfir kl. 11 að kvöldi. Haldi fjelag dansleik og sje aðganga ókeypis, er lögreglustjóra heimilt að ákveða skattinn.

3. gr.

Aftan við 3. gr. bætist nýr liður:

d. Dansleikar skóla, annara en dansskóla, og skólafjelaga, enda fari þeir fram í herbergjum hlutaðeigandi skóla og sjeu fyrir nemendur og kennara eina ásamt gestum þeirra.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella meginmál þeirra inn í texta laga nr. 40, 20. júní 1923, og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1926.